

STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kirkjutónlistarmál þjóðkirkjunnar nr. 768/2002.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Kirkjuráð skipar þriggja manna fagráð um kirkjutónlist – kirkjutónlistarráð – sem hafi yfirumsjón með kirkjutónlistinni og sé jafnframt stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar. Biskup tilnefnir formann ráðsins og einn til vara, stjórn Félags organleikara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og stjórn prestafélagsins einn fulltrúa og einn til vara.

Kirkjutónlistarráð ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Skólastjóri Tónskólans í samráði við kirkjutónlistarráð gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir kirkjuráð til samþykktar fyrir lok septembermánaðar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið. Skólastjóri ber ábyrgð á að ársreikningur sé gerður á hverju reikningsári og að samin sé skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsára. Kirkjutónlistarráð og skólastjóri skulu undirrita ársreikninginn. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir kirkjuráð.

3. gr.

9. gr. orðist svo:

Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum kirkjutónlistarráðs og ákvarðanir þess. Fundargerðir skulu sendar kirkjuráði reglulega.

4. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og öðlast gildi 30. nóvember 2014.

Reykjavík, 6. nóvember 2014.

Magnús E. Kristjánsson,
forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2014